

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Breiðahvarf 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 10. júní 2025 breytingu á deiliskipulagi Vatnsenda, norðursvæðis, fyrir lóðina nr. 2 við Breiðahvarf. Í breytingunni felst að lóðinni sem er 4.919 m² að flatarmáli er skipt upp í sex smærri lóðir. Tveimur fyrir einbýlishús á norðurhluta lóðarinnar þ.a. annarri fyrir núverandi einbýlishús á lóðinni og fjórum fyrir parhús á suðurhluta lóðarinnar, sunnan nýrrar húsagötu sem tengist Funahvarfi til vesturs. Íbúðum fjölgar úr einni í sex. Nýtingarhlutfall einbýlishúsalóða verður 0,24 og 0,16, nýtingarhlutfall parhúsalóða verður 0,43. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð en þremur á lóð núverandi húss.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 19. september 2025.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 22. september 2025